



Pési

Næsti Pési kemur út
10.des. 2015. Efni þarf
að berast í síðasta lagi
6.des 2015.



BÓKASAFN

Frá Bókasafni Hrunamanna



BÓKASAFN

Nú eru jólabækurnar farnar að streyma á bókasafnið. Því er um að gera að kíkja við á bókasafninu og athuga hvað bíður nýtt og spennandi í hillunum.

Opið:

Mánudaga Kl. 20-21
Þriðjudaga Kl. 16-18
Miðvikudaga Kl. 16-18
Fimmtudaga Kl. 16-18



leitir.is



Gegnir

Inn á slóðunum <http://leitir.is> og www.gegnir.is, nánar tiltekið inná „*Mínum síðum*“ geta lánþegar séð skiladag, framlengt lánum og fleira. Og svo er **alltaf** hægt að skila safngögnum í skilalúgunu. Sjáumst á bókasafninu! ☺

Bókasafn Hrunamanna
Félagsheimilinu
Sími: 480 6628
Netfang: bokasafn@fludir.is
Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Sundlaugin á Flúðum. Opnunartími:

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00
Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00

Tækjasalur í Íþróttahúsi:

Mánudaga—fimmtudaga: 16:00-21:30
Föstudaga: 13:00-18:00
Opið um helgar ef mót eru í gangi.

Nóv 2015
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

25. árgangur.
298 tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Nóvember er kominn og víst er að skammdegið er skammt undan. Hins vegar er ekki hægt að tala um að það sé kominn vetur því veðrið minnir óneytanlega á rigningarhaust, kornbændum til sárrar mæðu. Gárungarnir segja að kornslætti verði lokið fyrir jól.

Núna er verið að púsla saman fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 og samhliða er unnin fjárhagsáætlun fyrir árin 2017-2019. Sú vinna hefur gengið vel og kann ég starfsfólki skrifstofunnar, forstöðumönnum stofnanna og nefndum þakkir fyrir góða vinnu. Það hefur gefið góða raun að mínu mati að kalla til nefndir sveitarfélagsins til skrafs og ráðagerða við fjárhagsáætlunargerðina og til þess fallið að fá breiða samstöðu um niðurstöðuna og verkefnið sem við stöndum frammi fyrir

Búið er að leggja áætlunina fram til fyrstu umræðu í sveitarstjórn og nú tekur við smá vinna við að finnstilla fjárhagsáætlunina sem lögð er fram til seinni umræðu í byrjun desember. Sem betur fer er mikil samstaða í sveitarstjórn um þessa vinnu sem skiptir gríðarlegu máli og gerir allt miklu auðveldara og skemmtilegra.

Það eru margar áskoranir sem blasa við í rekstrinum á næsta ári, og þó fjárhagsstaðan sé þokkaleg verður þetta töff. Það er reyndar gleðilegt að skatttekjur og framlög frá Jöfnunarsjóði hækka samkvæmt áætlunum á næsta ári. Það er jákvætt að tekjur íbúa eru að aukast og það hjálpar til að okkur er að fjölga eitthvað. Vonandi sláum við þann múr um næstu áramót að geta raunverulega talist 800 manns. Hins vegar getur fækkun barna í skólum, sérstaklega í Flúðaskóla næsta haust, haft áhrif á framlög frá Jöfnunarsjóði auk þess sem vandræði annarra sveitarfélaga hjálpa ekki til. Þá er enn ósvarað þeirri spurningu hvort reglur Jöfnunarsjóðs eiga eftir að breytast eða ekki.

Veruleikinn er samt sá að laun hafa hækkað um 7-8% á árinu 2015 auk áhrifa starfsmats sem hefur haft í för með sér launaleiðréttingar frá 1. maí 2014. Á árinu 2016 er gert ráð fyrir 4,5% verðbólgu og að laun hækki aftur um 8%. Það er vonandi fyrir alla að verðbólgan nái sér ekki á strik þannig að það verði raunveruleg kaupmáttaraukning en þessar launahækkanir taka verulega í reksturinn.

Almennt er reynt að halda gjaldskrárhækkunum í hófi en ljóst er að erfitt er að hækka ekki gjaldskrár þegar spáð er 4,5% verðbólgu og að laun hækki um 8%. Við viljum ná því markmiði að sveitarfélagið geti verið í töluverðum viðhaldsverkefnum og minniháttar fjárfestingum án nýrrar lántöku en þá verða tekjur að koma á móti en það er á mörkunum að það takist á næsta ári. Góðu fréttirnar eru hins vegar þær að það er afgangur til að fjármagna ákveðnar fjárfestingar og standa í viðhaldsframkvæmdum vonandi án lántöku. Stærsta viðhaldsverkefnið myndi verða utanhúsviðhald á Flúðaskóla en því miður er loftið í kennsluálmunni orðið ansi feiskið. Þá fellur til kostnaður vegna Hvammsvegar og síðan eru alltaf einhverjar fjárfestingar í veitunum.

Það var haldinn aðalfundur í Bergrisanum bs. sem er félag sveitarfélaga á Suðurlandi um málefni fatlaðra. Því miður er staðreyndin sú að kostnaður við málaflokkinn hefur aukist umfram fjármagn sem átti að fylgja frá ríkinu. Það er miður að staðan sé svona því sveitarfélögin hefðu viljað hafa svigrúm til að auka þjónustuna, sérstaklega auka búsetuúrræði á Suðurlandi. Vonandi kemur eitthvað gáfulegt út úr viðræðum sveitarfélaganna við ríkið en það átti að endurmeta málið miðað við stöðuna um síðustu áramót.

Það er gaman að sjá hvað íþróttahúsið kemur vel út eftir „andlitsupplýftinguna“. Þó er nú ekki öllu lokið og innansleikjur drjúgar til að við getum sagst vera búin. Það er stefnt að formlegri vígslu fyrir áramót en ekki hefur verið negld niður ákveðin dagsetning í því skyni. Hins vegar hafa verið haldin tvö stór mót í húsinu og ljóst er að þetta er eitt besta hús landsins til að halda körfubolta- og blakmót og hefur húsinu verið hrósað mjög í því sambandi. Hins vegar hefur miklu verið kostað til að græja húsið vel tækjum en UMFH hefur gengið vel að safna auglýsingum og styrkjum vegna tækjakaupa í húsið. Ber að þakka bæði aðilum innan og utan sveitar fyrir hlýjan hug til þessara hluta. T.d. er það orðið þannig að núna er búið að „selja“ nöfn á 14 bekkir af 16 í húsinu. Áhugasamir geta verið í sambandi við UMFH ef þeir vilja tryggja sér „síðustu sætin“.

Síðan bendi ég á að það eru lausir tímar í húsinu sem áhugasamir geta sótt um að fá úthlutað, hvort sem það er fyrir unga eða eldri. Sérstaklega vil ég hvetja eldri borgara að skoða hvort þeir geti ekki nýtt sér salinn eða tækjasalinn núna í vetur, því það er örugglega hægt að útfæra eitthvað sniðugt fyrir þennan aldurshóp.

Njótum vetrarins saman.

Jón G. Valgeirsson



Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.

Þórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvitækjaþjónustunnar, mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í

reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar koma fram á heimasíðu BÁ, www.babubabu.is eða í síma 4-800-900.

Þann 24 nóvember nk. verðum við hjá „Dönsum á Selfossi“ með línudansaball í Hliðskjálfi (félagsheimili hestamanna á Selfossi) klukkan 19 – 23.



Auglýsing frá hjónaballsnefnd 2016

Við óskum eftir áhugasömum og metnaðarfullum sælkerum til að sjá um matinn á Hjónaballi Hrunamanna sem haldið verður í Félagsheimilinu á Flúðum 5. mars 2016.

Um er að ræða matseld og framsetningu ásamt öllu öðru sem tilheyrir veislumat fyrir um 300 manns.

Áhugasömum aðilum er bent á að hafa samband í gegnum netfangið martaest@simnet.is eða hringja í Mörtu í síma 8996412 fyrir 1. desember 2015. Hjónaballsnefndin ☺



Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktafi

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

**Breyttur opnunartími hjá
Lyfju-útibúi Laugarási**
Frá 1. okt. 2015 er opnunartíminn
kl 10 - 16.30 alla virka daga
nema miðvikudaga,
þá er opið 10-13.



Hreppamaðurinn.

Hreppamaður heitir blað
hendingar og ræður.

Kæru vinir kaupið það
konur, menn og bræður.

Öll 12 rit Bjarna Guðmundssonar frá Hörgsholti fást ennþá í Þverspurnu á
4000 kr. öll ritin. Tilvalið í jólapakkann. Allur ágóði fer til líknarmála.
Verið velkomin. Guðrún Þorsteinsdóttir Þverspurnu. Sími: 486 6735

Jólamyndatökur

Býð upp á jólamyndatökur núna fyrir jól

Kíktu við og skoðaðu það
sem ég hef upp á að bjóða.

www.ivalsaeland.is

Ívar Sæland ljósmyndari
Sími 863-5231
ivar@ivalsaeland.is



Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:30-18:00
Laugardaga	10:00-18:00
Sunnudaga	11:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl. Samkaup strax
á Flúðum.

Sími 486 6633

fludir@samkaupstrax.is <<mailto:fludir@samkaupstrax.is>>



Nýr TAXI á svæðinu sem mun þjónusta Grímsnesið,

Bláskógabyggð, Hrunamannahr og Gnúpverjahr.
Og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum
eftir bestu getu.

Með Kv. TAXI DRIVER

Sími: 7760810 & 7831224

VIOLA snyrtistofa

Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting – Hand-
snyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plökkun.

Tímappantanir í Síma 856-1599



Upplit

Menningarklassi uppsveita Árnessyslu

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

www.upplit.is –allir velkomnir

Þann 24. október sl. var haldin hrútasýning í Reiðhöllinni á Flúðum. Hér koma nokkrar myndir frá sýningunni. Ljós: Birgir Örn Steinarsson.





Aðventan á Grund, Flúðum

**Föstudagskvöldið 11. desember og
laugardagskvöldið 12. desember**

kl. 18:00 – 21:00

**Þjóðum við upp á jólamat
á kr. 6.900,- á mann.**

Forréttir

Jólasíld, taðreyktur urriði, grafinn lax, marineruð lúða í kóríander og lime, villibráðabollur, grafið lamb og tilheyrandi meðlæti.

Aðalréttir

Villijurtakryddað lambalæri, hangikjöt, kalkúnabringa, hægeldaður léttreiktur svínahnakki í barbeque og tilheyrandi meðlæti.

Eftirréttir

Ris a la mande, súkkulaðímús, heit eplakaka, smákökur.



**Borðapantanir í
síma 565 9196
896 1286 / 896 7394**



Karl Hallgrímsson, tónlistarkennari sem býr á Flúðum með fjölskyldu sinni, hefur sent frá sér hljómplötuna Draumur um koss. Platan er 2. sólóplata Kalla. Hann stýrði sjálfur upptökum á þessari plötu í félagi við upptökustjórann og trommuleikarann Birgi Baldursson.

Það getur verið erfitt að skilgreina tónlistina á plötunni. Þar er ýmsu blandað saman. Einn gagnrýnandi sagði á Netinu að á plötunni væri „*ekki beinlínis rokk, ekki beinlínis popp, ekki kántrí, ekki soul, en allt þetta og meira.*“ „*Hin ánægjulegasta útgáfa að öllu leyti*“ skrifaði landsþekktur tónlistarmaður á Facebook og bætti því að gæði hljóðfæraleiksins á plötunni væru á heimsmælikvarða. Það er ekki leiðinlegt fyrir Kalla að fá þessi viðbrögð við plötunni og frábært fyrir okkur Uppsveitafólk að hann skuli vera búinn að stefna hingað því hæfileikaríka tónlistarfólki sem leikur með honum og halda útgáfutónleika í Aratungu laugardagskvöldið 5. desember. Af þeim má enginn missa.

Plötuna selur Kalli sjálfur. Hann sendist með diskinn heim á bæi og sendir hann um lengri veg með pósti. Áhugasömum er bent á að hafa samband við hann í gegnum netfangið karlinn@simnet.is og panta hjá honum plötuna. Hún fæst líka í Bókakaffinu hjá Elínu Gunnlaugs og Bjarna Harðar á Selfossi.

DRAUMUR UM KOSS

Útgefandi: Karl Hallgrímsson

Höfundur laga og texta: Karl Hallgrímsson

Stjórn upptöku: Karl Hallgrímsson og Birgir Baldursson

HljOnHljir Baldursson

Igrað syngja raddir gagnvalróðblöndun: Birgir Baldursson

Upptökur: Hljóðver.is / Jónas Björgvinsson og Birgir Baldursson

Hljóðfæraleikur:

Söngur, kassagítar, mandólín, munnharpa, píanó: Karl Hallgrímsson

Trommur og ásláttur: Birgir Baldursson

Rafbassi, píanó, orgel: Davíð Þór Jónsson

Rafgítar, klassískur gítar: Eðvarð Lárusson

og gestir í sumum laganna eru:

Rósa Guðrún Sveinsdóttir, söngur og þverflauta

Rakel Pálsdóttir, söngur

Friðrik Sturluson, rafbassi og kontrabassi

Þorkell Jólsson, franskt horn

Rúnar Óskarsson, klarinett og bassaklarinett

Jóhann Stefánsson, flygilhorn og trompet

Kvenfélag Hrunamannahrepps óskar eftir umsóknum í Freyju-sjóð frá 15. nóvember til 15. desember.

Sjá nánar um lög Freyjusjóðs á www.fludir.is undir menningu og mannlíf. Þar eru upplýsingar um sjóðinn og umsóknareyðublöð. Fyrirspurnir má senda á netfang Kvenfélags Hrunamannahrepps sem er kvhrhr@gmail.com

Hvetjum við ungar konur á aldrinum 16-25 ára til að sækja um og gera vandaðar umsóknir.

Kær kveðja stjórn Freyjusjóðs.



Flúðaleið ehf



Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju

Starfsfólk Flúðaleiðar

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími .

Mánudaga til föstudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00



GIANT - liðléttingar



GIANT - D337T

- Hátt og lágt drif
- Ökuhraði allt að 25 km
- Sjálfvirk driflæsing á báðum öxlum
- Mikil lyftigeta
- Afmikill
- Stöðugur
- Úrval aukahluta

Vél:	Kubota D1105-T
	33 HP/24 kW
Lyftigeta:	1450 kg
Aksturshraði:	0-10 / 0-25 km

Aukabúnaður:

- Niðurfellanlegt öryggishúð
- Hátt og lágt drif
- 0-10 km/h 0-25 km/h
- Vinnuljós að framan
- 90 kg. þynging með dráttartengi



GIANT - D254SW

Giant D254SW er þægilegur og lipur liðléttingur sem er með mikla lyftigetu miðað við stærð en hann getur nánast lyft eigin þyngd.

- Ökuhraði allt að 15 km
- Mikil lyftigeta miðað við stærð
- Afmikill
- Stöðugur
- Úrval aukahluta

Vél:	Kubota D902
	24 HP/17,5 kW
Lyftigeta:	1000 kg
Aksturshraði:	0-15 km

Aukabúnaður:

- Dekkjastærð: 23x8.5-12 AS eða 23x10.5-12 AS
- Vinnuljós að framan
- Þynging með dráttartengi

Heyrúlluskeri

plast- og netskrælari



Sterkur - Öflugur - Léttur

Cashels heyrrúlluskerinn sker rúlluna um leið og hann gripur plastið og netið utanaf rúllunni.

Skerinn er mjög sterkbyggður, hann er léttari en aðrir sambærilegir skerar. Skerinn er með öfluga tjakka sem eiga auðvelt með að skera í gegnum frostnar rúllur.



Mustad skeifur, hóffjadrir og verkfæri fyrir hestamanninn og hestinn
Erum einnig með gömlu göðu Helluskeifurnar



SUEVIA Brynningarskálar - Vatnskör



Hitapraeðir

Hitapraeðir með innbyggðum hitanema Kveikir á sér við +3°C slekkur á sér þegar hitastigið fer í +10°C Fæst í ýmsum lengdum.



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

Eins og undanfarin ár fór 10. bekkur Flúðaskóla í skólaferðalag til Danmerkur.

Við í 10. bekk viljum þakka öllum þeim sem studdu okkur í þessu verkefni og gerðu þessa ferð að veruleika. Sérstaklega þökkum við þeim fyrirtækjum sem studdu okkur, Þjörgunarsveitinni, foreldrum sem nenntu að keyra okkur á milli bæja og íbúum fyrir að styðja okkur í verkefninu.

Einnig viljum við þakka starfsfólki Flúðaskóla og þá sérstaklega umsjónarkennurinum okkar og dönskukennaranum, þeim Báru Sævaldsdóttur, Árna Þór Hilmarssyni og Margréti Guðmundsdóttur.

Foreldrar og kennarar sem lögðu það á sig að koma með okkur til Danmerkur viljum við einnig þakka innilega fyrir frábæra samveru og eiga þátt í því að gera þessa ferð ógleymanlega. Ferðalagið var góð reynsla og við lærðum margt um Danmörku en auðvitað var þetta líka skemmtiferð þar sem við fórum í Tívolí, dýragarð, Bakken, skoðuðum víkingaskip og margt fleira.

Þetta var eitthvað sem maður gerir ekki á hverjum degi og verðum við ykkur öllum ævinlega þakklát fyrir allan stuðninginn.

Nemendur 10. bekkjar



Hrunasókn fékk afhenta mynd af sr. Sveinbirni og frú Ölmu. Nú í október færði frú Alma Ásbjarnardóttir, fv. prestfrú í Hruna, Hrunasókn mynd að gjöf af þeim prestshjónunum sr. Sveinbirni og frú Ölmu. Dóttir Ölmu, Herdís Petrína Pálsdóttir, hún

Dísa í Hruna, afhenti gjöfina fyrir hönd móður sinnar. Sr. Sveinbjörn Sveinbjörnsson var prestur í Hruna frá 1944 til 1986 og auk þess prófastur í Árnesprófastsdæmi 1982-1986. Myndinni hefur verið komið upp á vegg inn í safnaðarheimili Hrunakirkju. Það voru sr. Óskar og Marta, formaður sóknarnefndar, sem veittu gjöfinni viðtöku.



Handavinna!

Óska eftir gefins afgangsgarni, allt kemur til greina.
Vinsamlegast komið því til þabba míns,
Ásgeirs frá Kaldbak.
Með fyrirfram þökk, Eydís



Kaffi-Sel verður lokað frá og með sunnudeginum 15. nóvember n.k.

**Opið föstudaginn 13. nóv. (17.00 – 20.30)
og laugardaginn 14. nóv. (12.00 – 20.30).**

Hægt er að panta fyrir hópa og þá með nokkurra daga fyrirvara í síma 486-6454/486-6690/891-7811 eða á netfangið info@kaffisel.is

Verið velkomin.

**Starfsfólk Kaffi-Sels
www.kaffisel.is**



Aðeins
7.900 kr.
á mann

GLEÐILEGT JÓLAHLAÐBORÐ HJÁ FOSSHÓTEL HEKLU

Fosshótel Hekla slá upp glæsilegu jólahlaðborði úr úrvals hráefni 5. desember. Gerðu þér og þínum dagamun á aðventunni með dýrindis krásum og ljúfri stemningu.

Tríóið Söngfólk úr sveitinni – Helga Kolbeinsdóttir, Ljósbrá Loftsdóttir og Brian Haroldsson skemmta matargestum.

Happdrætti með veglegum vinningum.

Tilboð á
gistingu með
jólahlaðborði



Tveggja manna herbergi með jólahlaðborði og morgunverði fyrir tvo á **29.900 kr.** og **20.400 kr.** fyrir einn. Aukanótt fyrir tveggja manna herbergi á **14.700 kr.** og **13.100 kr.** fyrir einstaklingsherbergi.

Bókaðu núna í síma **486 5540** eða á fosshotel.is

FOSSHOTEL

KARL HALLGRÍMSSON

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR

ARATUNGU
5. DESEMBER KL 21



DÚ GETUR NÁLGAST NÝJA DISKINN
GEGNUM FACEBOOK SÍÐU KARLS
HALLGRÍMSSONAR

MEÐ KARLI LEIKA
BIRGIR BALDURSSON
EÐVARÐ LÁRUSSON
RÓSA GUÐRÚN SVEINSDÓTTIR
DANÍEL HELGASON
SUNNA GUNNLAUGS

MIÐAVERÐ: 2500 KR

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **432-2770.**
Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi **432-2000**

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Fótaaðgerð.

Verð á fòtsnyrtistofunni í Heimalandi á miðvikudögum í vetur

Athugið!! gjafakort til sölu.

Tímappantani í síma: 863 0433.

Allir velkomnir!

Sólveig Jóhannsdóttir Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA



Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is

LAUGARVATN

fontana

Heiljund frá landnámi

ÁSBÚÐIN
FLÚÐUM

ÚTSALA
ALLAR VÖRUR Í BÚÐINNI

Allt að 50% afsláttur

Laugardagur 21. nóv.
Sunnudagur 22. nóv.
Kl. 11 – 15 báða dagana

FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ



VÖRÐUKÓRINN

20 ára afmælistónleikar
21. nóvember kl. 20.30
Félagsheimilinu á Flúðum.



Stjórnandi: Eyrún Jónasdóttir
Undirleikari: Jón Bjarnason



Á efnisskránni er úrval laga frá þessu
20 ára tímabili sem kórfélagar hafa
sjálfir valið.

„Óskalög Vörðukórsins.”



Að auki einsöngur og tvisöngur.
Léttar veitingar að loknum tónleikum.



Miðaverð: 3000 krónur.



Frá FEH

Föstudaginn 13 . nóvember mun Ágúst Guðmundsson kvikmyndaframleiðandi- og leikstjóri, sýna kvikmynd sína Útlagann í Félagsheimilinu.

Á útmánuðum liðins vetrar var stofnaður leshringur með það að markmiði að lesa Íslendingasögur. Gíslasaga Súrssonar var m.a.lesin og þá kom fram sú hugmynd að gaman væri að sjá myndina Útlagann en handrit þeirrar myndar er gerð eftir Gíslasögu. Ágúst mun spjalla við okkur um myndina og gerð hennar.

Allir, sem áhuga hafa, eru velkomnir á sýninguna og er enginn aðgangseyrir

Sýningin hefst kl. 16:00. Látið þennan einstaka atburð ekki fara fram hjá ykkur.

-----OOOOO-----

Opið hús

Næsta opna hús verður **miðvikudaginn 18. nóvember í Félagsheimilinu.**

Dagskrá að venju og kaffiveitingar að henni lokinni.

-----OOOOO-----

Leikhúsferðin 28. nóv. - rútan

Lagt verður af stað frá Félagsheimilinu **kl. 17:15**

á fyrirhugaða ferð á leikritið

Í hjarta Hróa hattar.

-----OOOOO-----

Heimboð í Skálholtsskóla

Halldór Reynisson, Skálholtsrektor, hefur boðið okkur á samveru í Skálholtsskóla þann **9. desember kl. 15:00** ásamt öðrum eldri borgurum uppsveitanna.

Sveinn Einarsson fyrrv. Þjóðleikhússtjóri kemur og segir frá uppgreftrinum. Kaffi og aðventustund.

Með bestu kveðju,

Björg



HRUNAPRESTAKALL

Kæru sveitungar. Fréttir úr prestakallinu og helstu viðburðir framundan eru tíundaðir hér að neðan.

Sem fyrr verður hægt að kveikja á rafljósum í kirkjugörðum prestakallsins nú á aðventunni. Til að standa straum af kostnaði vegna rafmagnsnotkunar ofl. hafa sóknarnefndir prestakallsins ákveðið að setja upp 1000 kr. gjald fyrir hvern leiðiskross sem tengdur er við rafmagn. Er fólk beðið um að leggja upphæðina inn á reikning viðkomandi kirkjugarðs.

Stóri-Núpur:	0152-05-264429	kt. 491098-3339
Ólafsvellir:	0152-15-371512	kt. 490269-3399
Hruni:	0325-26-18952	kt. 640169-2229
Hrepphólar:	035-26-9068	kt. 640169-3039

Á fyrsta sunnudegi í aðventu, **29. nóvember nk., verður haldin afmælishátíð vegna 150 ára afmælis Hrunakirkju.** Hátíðin hefst með messu í Hrunakirkju kl. 14. Þar mun kirkjukórinn syngja og m.a. frumflytja sálm sem ortur var í tilefni tímamótanna. Nýr altarisdúkur, sem sérstaklega var saumaður í tilefni afmælisins verður formlega tekin í notkun. Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir, prédikar. Að messu lokinni býður sóknarnefnd Hrunasóknar öllum viðstöddum til veglegrar afmælisdagskrár og kaffisamsætis í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum.

Árlegt aðventukvöld verður haldið í Félagsheimilinu í Brautarholti á fyrsta sunnudegi í aðventu, **29. nóvember nk. kl. 20.** Sem fyrr munu nemendur úr Þjórskóla setja sterkan svip á samkomuna með leik og söng en auk þess munu fermingarbörn sýna helgileik. Þá mun sóknarprestur flytja jólahugvekju, kirkjukórinn syngja undir stjórn Þorbjargar Jóhannsdóttur en einnig munu Tvennir tímar, sönghópur eldri borgara í uppsveitunum, stíga á stökk.

Aðventukvöld í Hrepphólakirkju verður mánudagskvöldið 7. desember kl. 20:30. Þar mun kirkjukórinn syngja aðventu- og jólalög undir stjórn Stefáns Þorleifssonar. **Ræðumaður verður Lýður Árnason, héraðslæknir.** Molasopi á eftir í safnaðarheimili.

Fermingarstörfin hófust í byrjun október en fræðslustundir fara fram á mánudögum og að auki hafa fermingarbörn tekið virkan þátt í helgihaldinu. Seinnipartinn í nóvember og fram í desember kíki ég vikulega í heimsókn í leikskólana og samhliða þeim heimsóknum hef ég viðkomu á Blesastöðum og á þar helgistund og samveru með heimilisfólki. Að lokum minni ég á heimasíðu prestakallsins, hruni.is, en þar má nálgast helstu upplýsingar um kirkjustarfið. Sjáumst í kirkjunni!

Óskar Hafsteinn Óskarsson
sóknarprestur